

Dreifibréf 03/2010/LS

Lyfjaverðskrá

Að gefnu tilefni vill Lyfjastofnun koma eftirfarandi á framfæri varðandi Lyfjaverðskrá:

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 213/2005 um lyfjagreiðslunefnd, gefur lyfjagreiðslunefnd út lyfjaverðskrá þar sem fram kemur viðmiðunarverðskrá, greiðsluþátttaka almannatrygginga hvers lyfs, hámarksverð og greiðsluþátttökuberð allra lyfseðilsskyldra lyfja og allra dýralyfja, ásamt heildsöluverði.

Lyfjaverðskrá er gefin út mánaðarlega með gildistöku fyrsta hvers mánaðar.

Verð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í skránni er gildandi hámarksverð í smásölu með 25,5% virðisaukaskatti. Óheimilt er að selja lyf á hærra verði og miða skal við verðskrá þess mánaðar sem lyfið er selt í.

Það skal einnig áréttað að álagning á lausasöludýralyf er ekki frjáls, þau eru með hámarkssmásöluverð.

Lyfjastofnun
8. júlí 2010